



Náms- og kennsluáætlun - Vorönn 2026

BÓKF3FS05

Kennari	Stella Björk Fjeldsted, stella.fjeldsted@fss.is	
Viðtalstími	Miðvikudaga kl. 10:30-11:10	
Námsefni	Bókfærsla 2 eftir Tómas Bergsson. Bókin er til í öllum helstu bókabúðum.	
Áfangalýsing	Gert er ráð fyrir að nemendur sem hefja nám í þessum áfanga hafi fullt vald á bókhaldshringrásinni, geti hafið bókhald og lokað því samkvæmt reglum tvíhliða bókhalds. Þessi kunnátta er dýpkuð verulega meðal annars með erfiðari færslum. Farið yfir bókun á helstu reikningum fyrirtækja; notkun fyrningareikninga við afskriftir eigna, bókun hluta- og skuldabréfa og notkun affallareiknings. Einnig er farið yfir bókanir sem varða innflutning; tollafgreiðslu, greiðslu virðisaukaskatts í tolli, kostnað og fyrirkomulag við geymslu á vörum í tollvöruhegrygnum. Uppgjörsfærslum er haldið áfram í gegnum reikningsjöfnuð. Farið er yfir bókanir í sambandi við stofnun og slit fyrirtækja, breytingar á réttarformi, samruna og fjárhagsleg endurskipulagningu fyrirtækja.	
Námsmat og vægi námsmatspátta	✓ Nemandi verður að ná að minnsta kosti 4,5 í lokaekinn og að minnsta kosti 4,5 í hverju hlutaprófi fyrir sig til þess að ná áfanganum. Nái nemandi ekki að 4,5 á hlutaprófi fær nemandi að spreyta sig aftur í lok annar með upptökuprófi.	
	Áfanginn er símatsáfangi. Ekkert lokapróf er í áfanganum.	
	Símatsáfangi ☒	Lokapróf ☐
	Sleppikerfi ☐	
	Heiti	Vægi
Tímaverkefni (2 af 3 gilda)	20%	
Hópverkefni	20%	
Hlutapróf	60%	
Reglur áfanga	Mæta þarf með tölvu með uppsettu excel í alla tíma. Notkun á snjallsímum er ekki leyfileg í tímum nema með leyfi kennara.	
Annað sem kennari vill láta koma fram	Bókfærsla byggist á nákvæmum vinnubrögðum. Mikilvægt er að nemandi vinni jafnt og þétt og vinni öll verkefni til að hámarka árangur sinn.	

Þekking	Leikni
Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á: • helstu innflutningsskjölum vegna tollafgreiðslu og greiðslu virðisaukaskatts í tolli • lögum um toll og virðisaukaskatt af innflutningi • færslum vegna innflutnings á vöru • gengisbreytingum vegna erlendra viðskiptaskulda og/eða viðskiptakrafna • kostnaði og fyrirkomulagi við geymslu á vöru í tollvöruhegmslu	Nemandi skal hafa öðlast leikni í að: • reikna og bóka verðbætur, vexti og afborganir af óverðtryggðum og verðtryggðum skuldabréfum • reikna og bóka færslur sem tengjast hlutabréfaeign, arði, gengisbreytingum, jöfnunarhlutabréfum o.s.frv. • bóka færslur sem varða stofnun og slit félaga • bóka færslur sem varða breytingu á réttarformi fyrirtækja, samruna og fjárhagslega endurskipulagningu þeirra • meðhöndla mismunandi virðisaukaskattsþrep í bókhaldi
Hæfni	
Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að: • hefja bókhald með hliðsjón af fyrirliggjandi efnahagsreikningi eða stofnun fyrirtækis • leysa af hendi lagfæringar í bókhaldi með hliðsjón af athugasemdum • setja upp einfaldan rekstrar- og efnahagsreikning í lok reikningstímabils að teknu tilliti til athugasemda og lokafærslna • færa tvíhliða bókhald fyrir lítinn og einfaldan atvinnurekstur	

Vinnuáætlun		
Tímasókn/vinna í tímum	16 vikur x 4 klst.	64 klst.
Heimavinna	16 vikur x 2 klst.	32 klst.
Undirbúningur f. verkefni	6 x 1 klst.	6 klst.
Undirbúningur f. hlutapróf	3 x 2 klst.	6 klst.
Alls		108 klst. = 5 ein*

*Viðmið um fjölda eininga	
Einingar	Tímafjöldi í vinnu meðalnemanda í áfanga
1 fein	18 - 24 klst.
2 fein	36 - 48 klst.
3 fein	54 - 72 klst.
4 fein	72 - 96 klst.
5 fein	90 - 120 klst.

Kennsluvikur	Áætluð yfirferð námsefnis	Skil á verkefnum
1. vika 6.-9. janúar	Upprifjun. Tapaðarkröfur og meðalálagning. Verkefni 1 og 2	
2. vika 12.-16. janúar	Skuldabréf. Verkefni 3, 4 og 5	
3. vika 19.-23. janúar	Afföll skuldabréfa og sameignarfélög. Verkefni 6, 7, 8 og 9	
4. vika 26.-30. janúar	Hlutabréf og arður. Verkefni 10, 11 og 12	Tímaverkefni 1
5. vika 2. - 6. febrúar	Verkefni 13 og 15	Hópverkefni 1
6. vika 9.-13. febrúar	Verðmæti eigna. Verkefni 17 og 18	Hlutapróf 1
7. vika 16.-20. febrúar <i>Uppbrotsdagur 18. feb</i>	Verðtrygging skuldabréfa og vöruinnflutningur. Verkefni 19, 20 og 21	
8. vika 23.-27. febrúar <i>Vetrarleyfi 27. feb</i>	Verkefni 22, 23, 24, og 25	
9. vika 2. -6. mars <i>Námsmatsdagur 2. mars</i>	Verkefni 26 og 27	Tímaverkefni 2
10. vika 9.-13. mars	Óbeinar afskriftir. Verkefni 29, 33, 35	Hópverkefni 2
11. vika 16.-20. mars	Verkefni 36, 38, 43	Hlutapróf 2
12. vika 23.-27. mars <i>Starfshlaup 27. mars</i>	T reikningar – sala og sameining fyrirtækja. Verkefni 34 og 37	
13. vika 6.-10. apríl <i>Annar í páskum 6. apríl</i>	Verkefni 39 og 41	
14. vika 13.-17. apríl	Verkefni 44 og 46	Tímaverkefni 3
15. vika 20.-24. apríl <i>Sumard. fyrsti 23. apríl</i>	Verkefni 49 og 50	Hópverkefni 3
16. vika 27. apríl-1. maí <i>Dimissio 30. apríl</i>	Verkefni 52 og 56	Hlutapróf 3
17. vika 4.-8. maí <i>Stoðdagur 8. maí</i>	Upptökupróf	Upptökupróf

Með fyrirvara um breytingar og von um gott samstarf

Stella Björk Fjeldsted